

AUGLÝSING

um gildistöku laga nr. 103/2024 um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993 (Uppbyggingarsjóður EES 2021–2028).

Það tilkynnist hér með að lög nr. 103/2024 um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993 (Uppbyggingarsjóður EES 2021–2028), öðlast gildi með birtingu auglýsingar þessarar.

1. gr. samnings milli Evrópusambandsins, Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins og Konungsríkisins Noregs um fjármagnskerfi EES fyrir tímabilið maí 2021 – apríl 2028 er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Utánríkisráðuneytinu, 17. september 2024.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

Bergdís Ellertsdóttir.

Fylgiskjal.

1. gr. samnings milli Evrópusambandsins, Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins og Konungsríkisins Noregs um fjármagnskerfi EES fyrir tímabilið maí 2021 – apríl 2028:

1. gr.

Í stað 117. gr. EES-samningsins kemur eftirfarandi:

Í bókun 38, bókun 38a, viðbót við bókun 38a, bókun 38b, viðbót við bókun 38b, bókun 38c og bókun 38d er að finna ákvæði um fjármagnskerfið.

A-deild – Útgáfudagur: 1. október 2024